

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 46/2003**

**frá 16. maí 2003**

**um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2003 frá 31. janúar 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 410/2002 frá 27. febrúar 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Vegna breytinga sem hafa orðið ýmist á verksviði eða heitum ráðuneytanna sem bera ábyrgð á þessum málaflokki sem og vegna nýlegra lagabreytinga í Noregi á sviði almannatrygginga og heilsugæslu er nauðsynlegt að breyta nokkrum aðlögunarliðum sem varða reglugerð (EBE) nr. 574/72 með áorðnum breytingum.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

2. liður (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **32002 R 0410:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 410/2002 frá 27. febrúar 2002 (Stjtið. EB L 62, 5.3.2002, bls. 17).“

2. Í stað textans í lið R (Noregur) í aðlögunarlið a) kemur eftirfarandi:

- „1. Sosialdepartementet (félagsmálaráðuneytið), Ósló.
2. Helsedepartementet (heilbrigðisráðuneytið), Ósló.
3. Arbeids- og administrasjonsdepartementet (atvinnu- og stjórnsýsluráðuneytið), Ósló.
4. Barne- og familiedepartementet (barna- og fjölskylduráðuneytið), Ósló.
5. Justisdepartementet (dómsmálaráðuneytið), Ósló.
6. Utenriksdepartementet (utanríkisráðuneytið), Ósló.“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 65 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2003, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 62, 5.3.2002, bls. 17.

3. Í stað textans í lið R (Noregur) í aðlögunarlið I) kemur eftirfarandi:

„Þegar meðaltalskostnaður á ári vegna aðstoðar er reiknaður skal taka tillit til bóta sem veittar eru samkvæmt 5. kafla almannatryggingalaganna (lög frá 28. febrúar 1997), lögum frá 19. nóvember 1982 um heilsugæslu á vegum sveitarfélaga og lögum frá 2. júlí 1999 um sérhæfða heilsugæslu o.s.frv.“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 410/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel, 16. maí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.